

Umsókn Efnamóttökunnar hf. um starfsleyfi fyrir móttöku spilliefna o.fl.

GBI 22. des. 2014 8.14.1 TIL VEST 2014/200145

Efnamóttakan hf. sækir um starfsleyfi til móttöku og meðhöndlunar á spilliefnum, raftækjum, endurvinnsluefnum og úrgangsefnum á nýrri starfsstöð í Berghellu 1, Hafnarfirði. Flutningur í nýju starfsstöðina er áætlaður í júní 2015. Í grundvallaratriðum er sótt um leyfi fyrir sams konar starfsstöð og nú er rekin í Gufunesi í Reykjavík. Í umsókninni er því verið að lýsa núverandi rekstri en þar sem við á eru tilteknar viðbætur eða breytingar á núverandi starfsemi. **Efnamóttakan óskar þess að vinnslu umsóknarinnar verði hraðað svo sem kostur er og mun kosta kapps um að leggja fram svo skjótt sem auðið er viðbótarupplýsingar og skýringar sem kann að vera óskað eftir.**

Eftirfarandi er gerð grein fyrir þeim atriðum sem tiltekin eru í 10 gr. reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun (nr. 785/1999).

- a. **Lýsing á atvinnurekstri.** Efnamóttakan hf. starfrækir starfsstöð fyrir móttöku á spilliefnum, þ.m.t. raftækjum, söfnun, flokkun og frágang þeirra í réttan farveg. Einnig fæst fyrirtækið við söfnun endurvinnsluefna, eyðingu trúnaðarskjala og förgum á vörum. Þó er gert ráð fyrir að unnt verði að taka á móti og flokka skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir. Eftirfarandi er móttækið magn (í tonnum) úrgangsefna á árinu 2013 annars vegar og hins vegar það magn sem óskað er eftir að starfsleyfið taki til:

Flokkar	Magn 2013	Umsótt magn vegna starfsl.
Rafgeymar og rafhlöður	677	1.300
Olíu- og leysiefni	496	1.050
Önnur spilliefni	182	500
Sóttmengaður úrgangur	45	100
Urðanlegur úrgangur	282	550
Endurvinnsluefni	709	1.500
Raftæki	553	2.900
SAMTALS FLOKKAR	2.944	7.900

- b. **Afrit af staðfestu deiliskipulagi.** Meðfylgjandi er afrit af staðfestu deiliskipulagi.
- c. **Lýsing á staðhættum á vinnustað.** Byggt verður nýtt 1.066 m² vinnsluhús. Flokkun og vinnsla spilliefna og raftækja verður innanhúss en geymsla frágenginna efna utanhúss, að mestu leyti austan og sunnan megin húss. Aðgengi inn í húsið verður á mörgum stöðum en megin móttaka og afgreiðsla verður í norðvesturenda hússins.

Flokkun og vinnsla verður að mestum hluta innanhúss. Í uppfituðum hluta húsnæðisins mun fara fram flokkun spilliefna annarra en rafgeyma, flokkun raftækja, eyðing trúnaðarskjala og vinnsla á sjónvarps- og tölvuskjám. Í óuppfituðum hluta er áformað að sinna frágangi rafgeyma til útflutnings, umhellingu á matarolíu, mulningi á skjáglari, flokkun á skilagjaldsskyldum drykkjarvöruumbúðum og eftir atvikum fleiri verkefnum. Gert er ráð fyrir möguleika á að eima leysiefni í gámi á útisvæði. Starfsstöð Efnamóttökunnar, húsnæði ásamt vinnusvæði, verður afmörkuð á um 5.000 m² lóð með girðingu frá annarri starfsemi í Berghellu 1. Lóðin verður öll malbikuð og hún verður búin olúgildrum og lokuðu frárennsliskerfi.

- d. **Upptalning á aðföngum.** Við starfsemina eru aðallega notuð eftirfarandi aðföng (magntölur úr Skýrslu um grænt bókhald).

Breyta	Eining	2013	2012	2011
Rafmagn	kWh	106.296	102.753	99.418
Heitt vatn	m ³	11.068	10.322	9.312
Bensín	l	5.596	2.704	934
Metangas *	l	8.512	9.652	13.140
Dieselolía	l	14.412	17.072	8.031
Plast v/rafgeyma	m ²	1.000	2.000	2.000
Brettah. v/rafg	stk	600	100	40
Strekkifilma	m ²	4.110	7.290	5.670
Bindivír – tvöf. lykkja	stk		10.000	
Bindivír – einf. lykkja	kg		1.000	

- e. **Lýsing á fyrirsjáanlegri losun í andrúmsloft, vatn eða jarðveg.** Sjá næsta lið.
- f. **Lýsing á mengunarvörnum.** Í fylgiskjali er yfirlit yfir helstu efnaflokka þar sem fyrirsjáanleg er hætta á losun í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og lýsing á uppruna, eðli, magni og mengunarvörnum hvers og eins. Helstu mengunarvarnir eru eftirfarandi:
- **Almennar mengunarvarnir fyrir vatn:** Lokað fráveitukerfi. Malbikuð starfsstöð. Stýring á losun fráveituvatns með efnagreiningu ef með þarf. Ísogsefni ávallt við hendina. Lekaheld söfnunarílát. Geymslukörum á útisvæði lokað með plasti. Birgðum haldið í lágmarki. Áhættumat og viðbragðsáætlun




til staðar. Áhættumat, verklagsreglur og viðbragðsáætlun kynnt starfsmönnum. Vottað ISO- 14001 umhverfisstjórnunarkerfi.

- **Almennar mengunarvarnir fyrir jarðveg:** Malbikuð starfsstöð. Lekaheld söfnunarilát. Söfnunarbílar búnir mengunarvörnum, þ.m.t. ísogsefni. Flutningsslysakort í söfnunarbílum. Bílstjórar með ADR-réttindi. Áhættumat og viðbragðsáætlun til staðar. Áhættumat, verklagsreglur og viðbragðsáætlun kynnt starfsmönnum. Vottað ISO- 14001 umhverfisstjórnunarkerfi.
 - **Sértækar varnir vegna rafgeyma:** Frágangur á rafgeymum til útflutnings er innanhúss. Rafgeymar fluttir út í sýruheldum lokuðum körum.
 - **Sértækar varnir vegna kælitækja.** Loftsog og kolasía notuð til að fanga freon við rúmmálsminnkun á kælitækjum.
 - **Sértækar varnir vegna ljósapera:** Loftsog, loftsía og kolasía notað til að fanga kvikasilfur og flúorryk við hökkun á ljósaperum.
- g. **Lýsing á aðgerðum til að fylgjast með losun í umhverfið.** Frárennsliskerfi er lokað og það er á ábyrgð verkstjóra að hleypa niður regn- og þvottavatni sem safnast hefur. Það verður gert vikulega en oftast ef með þarf. Verkstjóri fylgist með og skráir daglega veðurfar og fylgist með veðurspám. Einnig fylgist verkstjór með hvort óhöpp hafa orðið og metur hvort hætta er á að vatn í öryggisþróum hefur mengast. Verkstjóri skráir jafnframt tímasetningu og magn þegar losað eru úr öryggisþró út í fráveitukerfið. Leiki grunur á um að frárennslivatn í öryggisþró sé mengað er tekið sýni og það sent í efnagreiningu. Vatni er þá ekki hleypt niður fyrr en fyrir liggur niðurstaða um að innihald mengandi efna sé undir losunarmörkum. Leiki grunur á um mengun er haft samráð við Umhverfisstofnun um framhaldið.
- h. **Lýsing á tilhögun innra eftirlits.** Vísað er til krafna sem gerðar eru í umhverfisstjórnunarkerfinu ISO 14001-2004 sem innleitt hefur verið hjá Efnamóttökunni og vottað af Bsi.
- i. **Lýsing á ráðstöfunum um takmörkun úrgangs og um endurnýtingu úrgangs.** Lögð er áhersla á að öll úrgangs- og endurvinnsluefni fari í rétta farvegi. Efnamóttakan hefur sett sér markmið um að auka stöðugt það magn úrgangsefna sem fara til endurvinnslu, þ.m.t. um hlutfall spilliefna sem fara til endurvinnslu einhvers konar.
- j. **Lýsing á tegund og magni úrgangs.** Vísað er til a-liðar hér að framan.
- k. **Lýsing á öðrum ráðstöfunum sbr. 14. gr. reglugerðar um starfsleyfi.** Við starfsemi Efnamóttökunnar verður leitast við að öll vinna og önnur umsvif hafi sem allra minnst neikvæð áhrif á umhverfið.



Reykjavík, 19. desember 2014


pr.pr


Jón H. Steingrímsson,
framkvæmdastjóri

EFNAMÓTTAKAN HF
KT 691298-2729

FYLGISKJÖL:

1. Afrit af deiliskipulagi fyrir athafnasvæðið Hellnahrauni
2. Lagnateikningar fyrir nýja starfsstöð Berghellu 1
3. Afstöðuteikning er sýnir staðsetningu nýs húss í Berghellu 1
4. Teikning að nýju húsi Efnamóttökunnar Berghellu 1
5. Yfirlit yfir mengunarvarnir, sundurliðun vegna liðar f.

	Eðli hugsan- legrar losunar	Mengunarvarnir vegna vatns	Mengunarvarnir vegna jarðvegs
Rafgeymar	Blý og síra gætu mengað fráveitu eða jarðveg	Rafgeymar geymdir í skjóli. Frágangur til útflutnings undir þaki. Fluttir út í lokuðum sýruheldum ílátum. Lekaheld söfnunarílát. Ísogsefni ávallt við hendi. Lokuð fráveita og stýring á losun fráveituvatns. Birgðum haldið í lágmarki	Malbikuð starfsstöð. Söfnunarbílar búnir mengunarvörnum, þ.m.t. ísogsefni. Flutningsslysa-kort til staðar. Lekaheld söfnunarílát. Bílstjórar með ADR-réttindi, Birgðir lágmarkaðar
Olía, fljótandi	Olía gæti mengað fráveitu eða jarðveg	Lekaheld söfnunarílát. Frágengin kör á útisvæði lokuð með plasti. Lokuð fráveita og stýring á losun fráveituvatns. Ísogsefni ávallt til staðar. Birgðum haldið í lágmarki.	do
Grófur olíuúrgangur	Olía gæti mengað fráveitu eða jarðveg	do	do
Olíumálning	Olíuefni gæti borist í fráveitu eða jarðveg	do	do
Leysiefni	Gætu borist í fráveitu eða jarðveg	do	do
Prentlitir	Gætu borist í fráveitu eða jarðveg	do	do
Framköllunarefni	Gætu borist í fráveitu eða jarðveg	do	do
Klór	Gætu borist í fráveitu eða jarðveg	do	do
Sýra	Gætu borist í fráveitu eða jarðveg	do	do
Önnur spilliefni		do	do
Skjáir	Blý eða forfór gætu borist í jarðveg eða fráveitu	do	do
Ljósaperur	Kvikasilfur eða forfór gæti borist í andrúmsloft	Loftsog við hökkun, loftsía og kolasía	do
Kælitæki	Freon gæti borist í andrúmsloft	Loftsog við pressun og kolasía	Á ekki við
Raftæki	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Sprengiefni	Á ekki við	Sprengigámur	Á ekki við
Sóttmengaður úrgangur		Kæligámur	Á ekki við



V. Skarphéim 1 - Efnisflokkur, Útlutningur, Umhæðsluhús, Úrvinnsluhús II



Bergþella 1, Hafnarfirði	
Efnisflokkur Útlutningur Umhæðsluhús Úrvinnsluhús I Úrvinnsluhús II	Adaltekning - Efnisflokkur Afskipta og svæðingartætti
Dátum: 04.07.2014	Skráðgjafi: JN/AS
Skala: 1:500	Blaðnúmer: 002
Blaðnúmer: A1	Blaðnúmer:

1. Vinnsla	2.	3.	4.
------------	----	----	----